

Miðvikudaginn 2. september 1992.

Nr. 345/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Jóni Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 25. ágúst sl., sem barst Hæstarétti 31. sama mánaðar. Krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldi hans verði markaður styttri tími en kveðið er á um í hinum kærða úrskurði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Skriflegar athugasemdir vegna kærumálsins hafa borist Hæstarétti frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, sbr. 3. mgr. 145. gr. laga nr. 19/1991. Þar er sett fram sú krafa, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. og 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 25. ágúst 1992.

— — —
Með skírskotun til framanritaðs verður að telja, að kominn sé fram rökstuddur grunur um, að kærði hafi framið þau brot, sem hann er nú borinn sökum. Brot þessi geta varðað hann fangelsisrefsingu.

Rannsókn málsins er á frumstigi, og eru líkur taldar standa til þess, að fleiri aðilar en X og Jón hafi staðið að þeim innflutningi á fíkniefnum, sem hér um ræðir, þar sem um mikið magn er að ræða. Er eftir að rannsaka

fjármagnshlið málsins svo og, hvort og hvenær X og Jón hafa farið til útlanda undanfarna mánuði. Ætla má, að sakborningur muni torvelda rannsókn málsins, m. a. með því að hafa áhrif á hugsanleg vitni eða hugsanlega samseka í máli þessu, fari hann frjáls ferða sinna.

Með vísan til alls þessa og skirskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík til greina, þó þannig, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. september nk. kl. 15.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jón Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. september nk. kl. 15.00.
